

SAMÞYKKT

um fráveitu og rotþrær í Fjallabyggð.

I. KAFLI

Um framkvæmdir og rekstur fráveitu.

1. gr.

Fjallabyggð ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð nr. 982/2010 um fráveitur sveitarfélaga.

Fjallabyggð starfrækir fráveitu fyrir þéttbýli í sveitarfélaginu. Bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana. Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Bæjarsjóður á einnig allan fráveitubúnað, s.s. brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Utan þéttbýlis þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha sér Fjallabyggð til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki.

2. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar fer með yfirstjórn mála sem varða fráveitu og rotþrær í sveitarfélaginu. Skipulags- og umhverfisnefnd fer með þessi mál í umboði bæjarstjórnar samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fjallabyggðar hefur umsjón með hönnun, framkvæmdum og rekstri fráveitna í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar og framfylgir ákvörðunum hennar.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur eftirlit með framkvæmdum og verktilhögun varðandi fráveitur og rotþrær í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólpi, iðnaðarskólpi, iðnaðarvatn, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Skipulags- og byggingarfulltrúi skal meta hvort fráveitukerfi sveitarfélagsins telst ná til viðkomandi fasteignar, en ákvörðun hans er kæránleg til skipulags- og umhverfisnefndar. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað frárennslislögn frá húseignum sínum að lóðarmörkum og dælubúnað ef á þarf að halda. Sveitarfélagið sér um tengingu lagna við fráveitukerfi þess á kostnað húseiganda sbr. 16. gr. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt ákvæðum laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi.

6. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna að lóðarmörkum eða tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins ef hún er innan lóðarmarka og gæta þess að þær stíflist ekki eða leki. Vanræki eigandi fasteignar þessa skyldu er Fjallabyggð heimilt, á kostnað fasteignar-eigandans, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun á rekstri fráveitukerfisins. Fasteignareiganda skal þó gefið tækifæri til að bæta úr vanrækslu sinni áður en til aðgerða kemur.

7. gr.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, fitu, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Óheimilt er að láta matarleifar úr vaskakvörnum í fráveituna. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmið-unarmörk til að tryggja að tilskilin markmið náist, sbr. lið C, I. viðauka í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

8. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárennslis-lagnir frá húseignum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gölfniðurföll og/eða dælubrunnum á sinn kostnað.

II. KAFLI

Um rotþrær.

9. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða frárennslis húsa um hreinsivirki. Kerfisbundin söfnun og sameiginlegt hreinsivirki skal þó vera á svæðum sem falla undir 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Ennfremur skal sveitarstjórn setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki inn í deiliskipulag þar sem það á við.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til svæða utan þéttbýlis í Fjallabyggð, gildir að öðru leyti samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

10. gr.

Fjallabyggð kostar niðursetningu og annan frágang hreinsivirkis, svo sem rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra. Eigandi fasteignar skal kosta lagnir að rotþró sé hún staðsett innan viðkomandi lóðar, en annars að lóðamörkum. Bæjarstjórn ákveður staðsetningu rotþróa að fenginni umsögn skipulags- og umhverfisnefndar.

Rotþró og önnur hreinsivirki skulu samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar og annarra stakra hreinsivirkja er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Verði losun rotþróar ekki við komið með hagkvæmum hætti skal haft samráð við heilbrigðisnefnd um útfærslu á fyrirkomulagi skolphreinsunar.

11. gr.

Hverja rotþró og önnur hreinsivirki skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Fjallabyggð sér um hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hreinsunar. Hreinsun er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fjallabyggð er heimilt að fela öðrum umsjón með hreinsuninni. Farga skal seyru á viður-kenndum förgunarstað. Ef nýta á seyru þarf samþykki heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra hverju sinni.

12. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að lögð verði sameiginleg hreinsivirki, svo sem rotþró, fyrir húseignir sem eru utan svæða sem fráveitukerfi sveitarfélagsins nær til. Kostnaður húseiganda af framkvæmdum við niðursetninguna skal þá ekki verða meiri en ef sett væri niður rotþró fyrir hvert hús. Notendur sameiginlegra hreinsivirkja skulu greiða almennt rotþróargjald sbr. 16. gr.

III. KAFLI Almenn ákvæði.

13. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Fjallabyggðar skal sækja um leyfi til þess til skipulags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða sem fyrirhugað er að tengja fráveitu sveitarfélagsins, unnar af aðilum með tilskilin réttindi. Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru í lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

14. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða hreinsivirki, svo sem rotþrær, séu í samræmi við veitt leyfi og samþykktar teikningar. Framkvæmdaaðilar skulu gefa fulltrúum byggingareftirlits færi á að skoða og viðurkenna frágang lagna, fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða hreinsivirki, svo sem rotþrær með siturlög áður en lagnir eru huldar.

15. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Fjallabyggð er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

IV. KAFLI Um gjaldtöku.

16. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar skal að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra ákveða gjald vegna fráveitunnar og tæmingar hreinsivirkja í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og láta birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í gjaldskránni skulu vera ákvæði um:

- a) Gjöld vegna tengingar við fráveitu.
- b) Fráveitugjöld.
- c) Rotþróargjöld, sbr. 5. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ nr. 671/2003 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- d) Afslætti til handa tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum.

17. gr.

Af fasteignum í Fjallabyggð sem tengjast fráveitukerfi sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald. Skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins og taka mið af honum sbr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjald þetta skal vera ákveðið sem hlutfall af fasteignamati húsa, mannvirkja, lóða og landa eða miðast við rúmmál fasteigna skv. lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

Heimilt er að innheimta aukagjald vegna mengunar eða mikillar losunar skv. 14. gr. laga nr. 9/2009. Þá er heimilt að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

18. gr.

Sveitarstjórn getur nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna um niðurfellingu eða lækkun gjalda til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

19. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem Fjallabyggð hefur sett niður og kostað, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði af frágangi rotþróar, tæmingu, eftirliti og umsýslu vegna þessara þátta.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta skal ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við verkið, að umsýslukostnaði meðtöldum.

20. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu framangreindra gjalda sem skulu innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Fjallabyggðar.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri sammings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

V. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

21. gr.

Brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð, sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála

22. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 302/2001 um fráveitu Siglufjarðarkaupstaðar og samþykkt nr. 764/2002 um fráveitu í Ólafsfirði.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. desember 2011.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.